

## LEIÐBEININGAR

### um notkun og útfyllingu einfaldaðrar tollskýrslu E-2.3 við útflutning

Nota má eyðublað E-2.3 til einfaldaðrar tollskýrslugerðar vegna tollmeðferðar á vörum sem fluttar eru úr land á farmskrá og fjallað er um í 47. gr. reglugerðar nr. [1100/2006](#) um vörslu og tollmeðferð vöru, sbr. 4., 6. og 7. gr. og 144. gr. tollalaga nr. [88/2005](#).

Heimild þessi er þó bundin við þær tollfríðindavörur sem gerð er grein fyrir í fylgiskjali I með þessum leiðbeiningum og tollflokka ber eins og þar er lýst. Fyrirmæli í reglugerð nr. [630/2008](#), um ýmis tollfríðindi, sbr. reglugerð nr. [634/2008](#) um breytingu á henni, gilda um tollmeðferð slíkra vara eftir því sem við getur átt.

Ef í sömu vörusendingu eru vörur sem flokkast geta undir tvö eða fleiri tollnúmer í fylgiskjali I skal tilgreina öll tollnúmerin, sbr. eyðublöð E.2.3 og E.2.4. Ef í sömu vörusendingu eru vörur sem reglur um einfaldaða tollskýrslugerð gilda um, sbr. fylgiskjal I, og vörur sem gera ber grein fyrir í almennri tollskýrslu eða vörur sem um gilda útflutningstakmarkanir skal gera grein fyrir þeim síðartöldu í tollskýrslunni með venjulegum hætti.

Þeim, sem leyfi hafa til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, er heimilt að senda upplýsingar úr einfölduðum tollskýrslum með rafrænum hætti.

Við tollafgreiðslu skulu liggja fyrir, auk tollskýrslu, farmbréf og önnur skjöl eða gögn sem um ræðir í fylgiskjali I varðandi einstök tollnúmer eða kveðið er á um í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Þegar einfaldaðri tollskýrslu er skilað á eyðublaði E-2.3 skal eingöngu fylla út eftirfarandi reiti skýrslunnar og veita þær lágmarksupplýsingar sem þar eru tilgreindar.

### Útfylling reita eyðublaðs E-2.3

Skylt er að fylla út neðangreinda reiti einfaldaðrar tollskýrslu E-2.3:

#### REITUR 1 – SKÝRSLA

- hluti: Markaðssvæði. Færið inn skammstöfunina **EU** vegna útflutnings til EFTA-, ESB- eða EES- lands, en **EX** vegna útflutnings til annarra landa (þriðja lands).
- hluti: Tegund tollafgreiðslu. Færið inn afgreiðslumáta sendingar í samræmi við eftirfarandi lykla:

#### Lykill

US	SMT- eða VEF-tollafgreiðsla.
UA	Útflutningur sem ekki er gerð grein fyrir með SMT- eða VEF-tollskýrslu en útflytjandi kýs að leggja fram tollskýrslu á pappír.
UE	Endurútflutningur (tollnúmer 9803.2000).
U1	Bráðabirgðaafgreiðsla.

**UU** Endurútflytningur vöru sem ekki hefur fengið tollafgreiðsluvegna innflutnings (tollnúmer **9815**).

*Gerð svæðis: (a2)  
SAD (1)*

**REITUR 2 – SENDANDI/ÚTFLYTJANDI**

Færið inn fullt nafn, heimilisfang og símanúmer sendanda/útflytjanda svo og kennitölu sem Hagstofa Íslands hefur gefið viðkomandi. Ef fleiri útflytjendur sameinast um eina sendingu verður einn þeirra að vera skráður sem sendandi, og um leið ábyrgðaraðili skýrslu.

*Gerð svæðis:  
Kennitala (a10)*

**REITUR 5 – VÖRULIÐIR**

Aðeins þarf að skrá hér inn tölustafinn 1 (eitt tollnúmer samkvæmt fylgiskjali I) þegar skilað er tollskýrslu á pappír.

*Gerð svæðis: (n..3)*

**REITUR 6 – STYKKJATALA**

Færið inn fjölda stykkja (umbúðaeininga) í viðkomandi sendingu.

*Gerð svæðis: (n..11)*

**REITUR 7 – TILVÍSUNARNÚMER**

Reit þennan hafa útflytjendur eða tollmiðlarar til frjálsra nota, t.d. fyrir tilvísunarnúmer í bókhald sitt.

**REITUR 8 – VIÐTAKANDI**

Færið inn nafn og heimilisfang viðtakanda.

*Gerð svæðis:  
Nafn (a..35)  
Heimilisfang 4x(a..35)*

**REITUR 11 – VIÐSKIPTALAND/FRAMLEIÐSLULAND**

Færið eingöngu inn í fremri hluta reitsins [lykil hlutaðeigandi viðskiptalands \(alls ekki framleiðslulands\)](#), sjá [Tollskrárlykla](#).

*Gerð svæðis: (a2)*

**REITUR 14 – SKÝRSLUGJAFI/UMBOÐSAÐILI**

Færið inn nafn, kennitölu sem Hagstofa Íslands hefur gefið viðkomandi, símanúmer og heimilisfang skýrslugjafa eða umboðsaðila, t.d. tollmiðlara. Sama gildir sé umboðsaðili og útflytjandi einn og sami aðilinn. Sé skýrslugjafi og útflytjandi hins vegar einn og sami aðili skal rita orðið: Útflytjandi.

*Gerð svæðis:  
Kennitala (a10)*

**REITUR 17 – ÁKVÖRÐUNARLAND**

Færið inn í reit 17a lykil hlutaðeigandi ákvörðunarlands, sjá Tollskrárlykla. Með ákvörðunarlandi er átt við það land þar sem endastöð vöruflutninganna er.

*Gerð svæðis: (a2)*

**REITUR 19 – GÁMUR**

Veitið hér upplýsingar um hvort varan sé flutt í gámi eða ekki með því að tilgreina eftirfarandi lykila:

**0** Vara sem ekki er flutt í gámi.

**1** Vara sem er flutt í gámi.

*Gerð svæðis: (a1)*

**REITUR 20 – AFHENDINGARSKILMÁLAR**

Færið inn í fremri hluta reitsins eftirfarandi lykil:

**Lykill**

**FOC** Vara send án kröfu um greiðslu.

Í aftari hluta reitsins skal ávallt tilgreina afhendingarstað vöru (t.d. Osló).

*Gerð svæðis:  
Lykill afhendingarskilmála (a3)  
Viðmiðunarstaður (a..21)*

**REITUR 21 – AUÐKENNI OG ÞJÓÐERNI VIRKS FLUTNINGSFARS VIÐ FLUTNING YFIR LANDAMÆRI**

Hér skal færa í fremri hluta reitsins sendingarnúmer sem farmflytjandi gefur sendingu og fram kemur á flutningsgjaldsreikningi eða tilkynningu farmflytjanda, [sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1100/2006](#) um vörslu og tollmeðferð vöru. Sendingarnúmerið er 19 stafa tala.

Í aftari hluta reitsins skal færa inn [lykil vegna skráningarlands flutningsfars, sjá Tollskrárlykla](#).

*Gerð svæðis:  
Sendingarnúmer (a18)  
Þjóðerni flutningsfars (a2)*

#### **REITUR 22 – MYNT OG HEILDARFJÁRHÆÐ REIKNINGS**

[Færið hér myntlykilinn viðkomandi lands, sjá Tollskrárlykla](#), eða **ISK** í fremri hluta reitsins en **0** í aftari hluta reitsins.

*Gerð svæðis:  
Lykill myntar (a3)  
Heildarfjárhæð (n..11,2)*

#### **REITUR 24 – TEGUND VIÐSKIPTA**

Tilgreinið með eftirfarandi lykli í fremri hluta reitsins hvort greitt er fyrir vöruna eða ekki.

<b>Greiðslumáti</b>	<b>Lykill</b>
Útflutningur án endurgjalds (án greiðslu)	<b>0</b>
Útflutningur gegn greiðslu	<b>1</b>

*Gerð svæðis: (a1)*

#### **REITUR 25 – FLUTNINGSMÁTI YFIR LANDAMÆRI**

Færið inn í fremri hluta reitsins, samkvæmt eftirfarandi lyklum, flutningsmáta miðað við flutningsfar sem flutti vöruna frá landinu:

<b>Flutningsmáti</b>	<b>Lykill</b>
Flutningur á sjó	<b>10</b>
Flutningur fiskiskips með eigin afla	<b>11</b>
Vélknúíð ökutæki, flutt með skipi	<b>16</b>
Tengivagn eða aftanívagn, fluttur með skipi	<b>17</b>
Vatnaskip, flutt með úthafsskipi	<b>18</b>
Ökutæki, flutt með skipi	<b>23</b>
Loftflutningar	<b>40</b>
Póstflutningar	<b>50</b>
Fastar flutningaleiðir	<b>70</b>
Fyrir eigin afli	<b>90</b>

*Gerð svæðis: (a2)*

#### **REITUR 31 – STYKKI OG VÖRULÝSING - MERKI OG NÚMER - GÁMANÚMER - TALA OG TEGUND**

Færið hér inn í eftirfarandi röð og haldið aðgreindu:

1. Vörulýsingu sem tekur til eins tollnúmers, sem varan fellur undir samkvæmt lýsingu tollnúmera í fylgiskjali I, svo skýrt fram setta að vöruna megi þekkja og flokka.

Ef um er að ræða tollafgreidda útflutningsvöru sem sett hefur verið á farmskrá en verður eftir og fer með öðru flutningsfari í nýju farmskárnumeri (tollnúmer 9808.0000) skal færa hér inn upphaflegt sendingarnúmer („Memo-farmskrá“).

Ef um endursendar ótollafgreiddar vörur er að ræða sem voru ranglega lestaðar og fluttar til landsins (tollnúmer 9808.0000) skal færa hér inn upphaflegt sendingarnúmer.

Ef um umflutningsvöru (tollnúmer 9815) er að ræða skal tilgreina hér orðið „Umflutningsvara“ og sendingarnúmer vörusendingar í innflutningsfari.

2. Merki og númer samkvæmt farmbréfi.
3. Tölu og gerð pakkninga. Þegar um ópakkaðar vörur (búlkavöru) er að ræða skal rita: Vara í lausu.
4. Sé gámur notaður við flutning skal skrá auðkennisnúmer hans.

*Gerð svæðis  
Vörulýsing (a..40)  
Merki og númer (a..40)  
Tala og gerð pakkninga (a..30)  
Gámanúmer 30x(a..20)*

### **REITUR 32 – VÖRULIÐUR NR.**

Aðeins þarf að skrá hér inn tölustafinn 1 (eitt tollnúmer samkvæmt fylgiskjali I) þegar skilað er tollskýrslu á pappír.

*Gerð svæðis: (n..3)*

### **REITUR 33 – VÖRUNÚMER**

Þegar óskað er eftir tollafgreiðslu með einfaldaðri tollskýrslu á eyðublaði E-2.3 skal tilgreina hér sérstakt tollnúmer, ÁTTA TÖLUSTAFA, sem varan eða vörusendingin skal flokkuð undir samkvæmt fylgiskjali I við þessar leiðbeiningar.

Með því að flokka vöru undir eitthvert þeirra tollnúmera, sem talin eru upp í fylgiskjali I, er útflytjandi að lýsa því yfir að uppfyllt séu ákvæði laga og reglna sem gilda um einfaldari tollskýrslugerð.

*Gerð svæðis: (a8)*

### **REITUR 34a – LYKILL UPPRUNALANDS**

Tilgreinið hér upprunaland vöru með lykli viðkomandi lands, sbr. Tollskrárlykla. Ef upprunaland vöru er óþekkt eða þær frá ýmsum löndum skal tilgreina það land sem megin hluti vörusendingarinnar er frá.

Athugið að ekki má fylla út reit 34b.

*Gerð svæðis: (a2)  
E-6 (9)*

#### **REITUR 35 – ÞYNGD BRÚTTÓ (KG)**

Færið inn í heilum kílógrömmum brúttóþyngd varanna sem lýst er í tilsvarendi reit 31. Brúttóþyngd í þessu sambandi er heildarþyngd varanna með öllum umbúðum að frátöldum gámum og öðrum flutningabúnaði.

*Gerð svæðis: (n..13)*

#### **REITUR 37 – TOLLMEÐFERÐ**

Færið hér inn lykilinn **11**.

*Gerð svæðis: (a2)*

#### **REITUR 38 – ÞYNGD NETTÓ (KG)**

Færið inn í heilum kílógrömmum nettóþyngd vörunnar, sem lýst er í reit 31, án ytri umbúða.

*Gerð svæðis: (n..13)*

#### **REITUR 44 – VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR/FRAMLÖGD SKJÖL/VOTTORÐ OG LEYFI**

Færið inn í fremri hluta reitsins textann: **Án reiknings.**

Ef um útflutning á skráningarskyldu ökutæki er að ræða sem Samgöngustofa hefur gefið fastanúmer skal jafnframt færa hér inn lykilinn SNI og þar á eftir fastanúmer ökutækisins en SNE og skráningarnúmer ökutækisins sem skráð er erlendis.

*Gerð svæðis:  
Reikningsnúmer 30x(a..11)  
Leyfi, vottorð o.fl. (a3) og tilvísun 15x(a..14)  
Lykill (a3) og skráningarnúmer(a..14)  
Lykill (a3) og auðkennisnúmer(a..14)*

#### **REITUR 46 – HAGSKÝRSLUVERÐ**

Í þennan reit skal ávallt skrá **0**.

*Gerð svæðis: (n..11,2)*

**REITUR 54 – STAÐUR OG DAGSETNING, UNDIRSKRIFT OG NAFN SKÝRSLU-  
GJAFU/UMBOÐSAÐILA**

Skýrslan skal undirrituð af útflytjanda eða þeim sem kemur fram fyrir hönd útflytjanda (prókúruhafi, starfsmaður eða miðlari sem hefur sérstaka heimild til að gefa skýrslu fyrir hönd útflytjanda sem skilað hefur inn til skattsins umboði á sérstöku eyðublaði, E-23).

Sá sem skrifar undir skýrslu ábyrgist að upplýsingar sem gefnar eru í skýrslunni séu réttar með tilliti til vörusendingarinnar og þeirra skjala eða gagna sem lögð eru fram eða aðgangur er veittur að og gætt hafi verið fyrir mæla laga og annarra reglna sem gilda um útflutninginn. Umbjóðendur geta skapað sér hlutlæga ábyrgð vegna undirritunar annarra fyrir þeirra hönd.

*E-6 (32)*

## Fylgiskjal I - Einfölduð tollskýrsla E-2.3

### Sérstök tollnúmer fyrir tollfrjálsar sendingar

Þegar óskað er eftir tollafgreiðslu vörusendingar með einfaldaðri tollskýrslu, skal tilgreina í reit 33 á eyðublaði E-2.3 fyrsta númerið, sbr. þau tollnúmer sem tilgreind eru hér á eftir, en önnur númer á framhaldseyðublaði E-2.4, enda svari varan til vörulýsingar viðkomandi tollnúmers og uppfylli 47. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, sbr. 4., 6. og 7. gr. tollalaga nr. 88/2005 um tollfrjálsar sendingar samkvæmt sérstökum undanþáguákvæðum.

		A	A1	E
		%	kr/kg	%
<b>9802</b>	<b>Búslóð og farangur:</b>			
9802.1000	Búslóð manna sem flytjast búferlum frá landinu, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 14. til 16. gr. Reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0			
	<i>Takmörkun:</i> Vélknúin ökutæki, svo sem bifreiðar, bifhjól, beltabifhjól, vélbátar, flugvélar og farartæki eins og seglbátar, svifflugur, svifdrekar o.þ.h. teljast ekki til búslóðar (sjá tollnúmer 9803.4000)			
9802.2000	Venjulegur farangur ferðamanna sem orðið hefur viðskila við ferðamann, sbr. a-lið 2. tl. og 3. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og d-lið 47. gr. reglugerðar nr. <a href="#">1100/2006</a> ..... 0			
<b>9803</b>	<b>Endursendar umbúðir og vörur:</b>			
9803.1000	Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum fluttum til landsins, sbr. 7. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 1. tl. 10. gr. og 54. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0			
9803.2000	Vörur sem endursendar eru til útlanda vegna þess að þær seldust ekki hér eða endursendar eru úr landi af öðrum orsökum og færðar séu fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða innfluttar vörur, sbr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0			
	<i>Staðfesting:</i> Tilgreina skal í reit 29 í tollskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint var í innflutningstollskýrslu við innflutningvaranna			
9803.3000	Endursendar ótollafgreiddar vörur sem voru ranglega lestaðar og fluttar til landsins, sbr. 6. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 54. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0			
9803.4000	Bifreiðar á íslenskum skráningarnúmerum sem viðkomandi tekur með sér úr landi og flytja á aftur til landsins, sbr. 6. tl. 6. gr. tollalaga og 54. gr. Reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0			
	<i>Staðfestingargögn:</i> Við tollafgreiðslu skal liggja fyrir skráningarskirteini ökutækis.			
9803.5000	Hópbifreiðar á erlendum skráningarnúmerum endursendar			



		eftir tímabundna notkun hér á landi..... 0
9803.6000		Vörur á erlendu ATA carnet skírteinum sem verið er að flytja úr landi eftir tímabundinn innflutning ..... 0
		Staðfestingargögn: Tilgreina skal nr. ATA skírteinis í reit 29 í tollskýrslu, skatturinn þarf að vera búin að staðfesta útflutning í skírteini og varan komin á útflutningsfarmskrá og vara tollafgreidd í útflutningi.
<b>9804</b>		<b>Gjafir:</b>
9804.1000		Gjafir, sem aðilar búsettir hérlendis senda til útlanda eða hafa með sér til útlanda af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, sbr. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 32. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0
9804.2000		Brúðkaupsgjafir, sbr. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. Tollalaga og 32. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0
9804.3000		Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru til útlanda og góðgerðar- stofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra, sbr. b-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. Tollalaga og 33. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0
9804.4000		Gjafir sem ríki, sveitarfélög eða stofnanir á vegum hins opinbera gefa erlendum aðilum í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki, sbr. c-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 34. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> .... 0
<b>9805</b>	<b>9805.0000</b>	<b>Notaðir munir sem hafa fallið í arf hérlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki, sbr. 10. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 36. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> 0</b>
		<i>Skilyrði:</i> Sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti að viðtakanda hafi tæmst arfur hérlendis, t.d. með framlagningu vottorðs skiptaráðanda.
<b>9806</b>		<b>Vörur vegna markaðssetningar og vörubrúnar:</b>
9806.1000		Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt, svo og sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara, sbr. a-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. Tollalaga nr. 88/2005 og 41. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0
9806.2000		Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar, sbr. b-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar, sbr. c-lið 11. tl. 1. mgr. 6. gr. Tollalaga og 41. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a> ..... 0
<b>9807</b>	<b>9807.0000</b>	<b>Heiðursmerki veitt af íslenska ríkinu, svo og verðlaun fyrir íþróttafrek og önnur afrek sem unnin eru hérlendis, sbr. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 38. gr. reglugerðar nr. <a href="#">630/2008</a>..... 0</b>
		<i>Skilyrði:</i> Sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti að um sé að ræða heiðursmerki eða verðlaun sem viðtakandi hafi unnið til hérlendis vegna tiltekinna afreka eða frammistöðu.
<b>9808</b>	<b>9808.0000</b>	<b>Vörur á farmskrá sem fara ekki með flutningsfari ..... 0</b>
<b>9809</b>	<b>9809.0000</b>	<b>Vörur sendar úr landi af sendiráðum, sendiráðismannskrifstofum, sendierindrekum og sendiráðismönnum erlendra ríkja eins og kveðið er á um í Vínarsamningnum</b>

	<b>um stjórn málasamband, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. tollalaga nr. 88/2005 og lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn mála- samband og 40. gr. reglugerðar nr. 630/2008.....</b>	0	
<b>9810</b>	<b>9810.0000</b>	<b>Vörur sendar úr landi af kjörræðismönnum erlendra ríkja að því er varðar tiltekna skrifstofuvörur eins og kveðið er á um í Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. 2. tl. 4. gr. tollalaga nr. 88/2005 og lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband og 30. gr. reglugerðar nr. 630/2008.....</b>	0
<b>9811</b>	<b>9811.0000</b>	<b>Póstpokar o.þ.h. með póstsendingum í, sem aðilar með leyfi til póstflutninga samkvæmt lögum nr. 19/2002 um póstpjónustu senda úr landi.....</b>	0
<b>9814</b>	<b>9814.0000</b>	<b>Kistur og duftker með jarðneskum leifum manna sem látist hafa hérlendis.....</b>	0
<b>9815</b>		<b>Vörur sem sendar eru héðan í umflutningi, sbr. c. lið. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og VI. kafla reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru .....</b>	0
	9815.1000	Almennar vörur í umflutningi .....	0
	9815.2000	Leyfisskyldar vörur skv. lögum nr. 58/2010 um vörur sem nota má bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi .....	0
	9815.3000	Vörur sem innihalda dýraafurðir upprunnar innan EES svæðisins .....	0
	9815.4000	Vörur sem innihalda dýrafurðir upprunnar utan EES svæðisins .....	0
	9815.5000	Innlendar vörur sem settar eru tímabundið í land í Færeyjum vegna siglingaáætlunar og koma svo aftur til Íslands..... <i>Staðfesting:</i> Tilgreina skal í reit 29 í tollskýrslu sendingarnúmer sem tilgreint er í farmskrá útflutningsfarsins	0
	9815.6000	Vörur sem fluttar eru um borð í erlent herskip eða herflugvél sem uppfyllir skilyrði 68 gr. tollalaga nr 88/2005 .....	0
<b>9816</b>		<b>Ökutæki á erlendum skráningarnúmerum, sem uppfylla skilyrði tollfríðinda 18. gr., 20. gr., 21. gr. reglugerða, nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi og varahlutir skv. 22. gr. reglugerðarinnar:</b>	
	9816.1000	Ökutæki á erlendum skráningarnúmerum skv. 18. gr. reglugerðar nr. 630/2008 .....	0
		<i>Skilyrði:</i> Skrá skal skráningarnúmer ökutæki í reit 44 á útflutningsskýrslu. <i>Staðfestingargögn:</i> Ef farangur er í ökutækinu þarf að fylla út farangursyfirlýsingu og nota jafnframt tollskrárnúmer 9802.2000	
	9816.2000	Varahlutir í ökutæki skv. 22. gr. reglugerðar nr. 630/2008....	0
	9816.3000	Hópbifreið á erlendum skráningarnúmerum sem notuð var fyrir tiltekin hóp erlendra ferðamanna, sem flutt er úr landi á við brottför viðkomandi ferðamannahóps skv. 20. gr. reglugerðar 630/2008.....	0
		<i>Skilyrði:</i> Skrá skal skráningarnúmer ökutækis í reit 44 á útflutningsskýrslu.	
	9816.4000	Eftirvagnar skráðir erlendis sem notaðir eru til flutnings vara til og frá landinu skv. 21. gr. reglugerðar 630/2008 .....	0

**9817 9817.0000 Flugvélahlutir ..... 0**

*Skilyrði:* Um sé að ræða hluti í umflutningi í flugvélar með erlenda skráningu sem hafa viðdvöl hér á landi sbr.

1. tölulið 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og VI. kafla reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru. Sjá 24. gr. Chicago-samningsins frá 1944 sbr. auglýsingu nr. 45/1947 í A-deild stjórnartíðinda.

**9818 Vörur sem uppfylla skilyrði 3. tl. 1. mgr. 4. gr. tollalaga, nr. 88/2005 um tollfrelsi og fluttar eru inn tímabundið vegna veru liösveita Atlantshafsbandalags hér á landi.**

9818.1000	Ökutæki á erlendum skráningarnúmerum ..... 0
9818.2000	Hernaðartengdar vörur á vottorði 302 ..... 0
9818.9000	Aðrar vörur..... 0

*Skilyrði:* Eingöngu vörur sem eru fluttar til landsins tímabundið, t.d. vegna loftrýmisgæslu eða hernaðaræfinga.

**9819 Vörur sem sendar eru hingað til lands tímabundið á vegum erlendra stjórnvalda, hjálparsamtaka eða björgunarsveita vegna náttúruhamfara hér á landi, neyðarástands eða mengunarslyss, sbr. b-c. lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr., b. lið 1. tl. og 17. tl. 1. mgr. 7. gr**

9819.0010	Búnaður björgunarsveita til leitar í rústum eða til að bjarga verðmætum..... 0
9819.0020	Matvæli og drykkir til að dreifa meðal bágstaddra..... 0
9819.0030	Lyf, lækningatæki og aðrar lækningavörur ..... 0
9819.0040	Aðrar neyðarbirgðir sem dreifa á meðal bágstaddra, s.s. tjöld, svefnpokar, teppi og fatnaður ..... 0
9819.0050	Ökutæki og önnur farartæki, þ.m.t drónar ..... 0
9819.0060	Mengunarvarnarbúnaður ..... 0
9819.0070	Vatnshreinsibúnaður og varaafsstöðvar ..... 0
9819.0080	Annar búnaður..... 0